

563-0520

**SHÍ**

Stúdentaráð  
Háskóla Íslands  
STOFNAD 1920

Alþingi  
Erindi nr. **D** 121/2086  
komudagur 9.5.1997

Reykjavík 07.05.1997

Menntamálanefnd Alþingis,  
Sigríður Anna Þórðardóttir,  
formaður menntamálanefndar Alþingis.

Efni. Hlutlaus kærunefnd verði sett á fót varðandi úrskurði stjórnar LÍN.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna telur að setja verði á fót hlutlausa kærunefnd. Samstarfsnefndin telur slíka nefnd mikla réttarbót fyrir námsmenn. Rétt er að taka fram að afstaða samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna gengur út frá því að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið hjá LÍN og eru bundin í lögum haldist óbreytt; þ.e. að tryggt verði að stjórn LÍN úrskurði áfram í kærumálum. Þannig er tryggt að hlutlausa kærunefndin verði hrein viðbót við það fyrirkomulag sem nú tíðkast.


Hugmynd samstarfsnefndarinnar felur í sér að það eina sem þurfi að breyta í því frumvarpi sem nú liggur fyrir á Alþingi um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna væri, að í stað þess að úrskurðir stjórnar séu endanlegir þá geti viðskiptamenn LÍN skotið úrskurðum stjórnar til hlutlausrar kærunefndar.

Kærunefnd þessi gæti staðfest úrskurði stjórnar LÍN en jafnframt haft vald til að vísa ákvörðunum stjórnar til baka teljist þær ekki byggja á lögum og reglum um sjóðinn eða stangist þær á við fordæmi, hafi málsmeðferð verið áfátt o.s.frv.

Samstarfsnefndin minnir jafnframt á fyrri ábendingar sínar um að æskilegt sé að formaður slíkrar nefndar uppfylli hæfnisskilyrði hæstaréttardómara og að hæfnisskilyrði nefndarmanna skuli fela í sér kröfu um viðtæka þekkingu á menntamálum. Þá má minna á sambærilegar nefndir; t.a.m. er áfrýjunarnefnd samkeppnismála tilnefnd af Hæstarétti.

Óviðunandi er fyrir viðskiptamenn sjóðsins að þurfa að leita til dómstóla eða Umboðsmanns Alþingis í hvert sinn sem það ris ágreiningur um túlkun reglna eða framkvæmd þeirra. Þess vegna er hlutlaus kærunefnd nauðsynleg viðbót við það fyrirkomulag sem nú tíðkast.

F.l. samstarfsnefndar  
námsmannahreyfinganna,

  
Haraldur Guðni Eibjörnsson,  
formaður SHÍ,

Afrit sent menntamálaráðherra.